

Fimmtudaginn 23. október 1997.

Nr. 236/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Ölvunarakstur. Ökuréttur. Skilorð. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1997. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að ákvörðun refsingar ákærða verði breytt á þann veg, að inn í hana verði felldur skilorðshluti óáfrýjaðs héraðsdóms 30. desember 1994, þar sem ákærða var gert að sæta fangelsi í fimmtán mánuði, þar af tólf mánuði skilorðsbundna í þrjú ár, sbr. eldra skilorð samkvæmt óáfrýjuðum héraðsdómi 12. apríl sama árs, og refsingin þannig ákveðin í einu lagi.

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög framast leyfa, og refsivist verði öll skilorðsbundin nema þrír mánuðir. Til vara krefst ákærði staðfestingar héraðsdóms, en til þrautavara, verði krafa ákærvalds tekin til greina, að heildarrefsing fari ekki fram úr fimmtán mánaða fangelsi.

Ákærði áfrýjaði ekki héraðsdómi fyrir sitt leyti. Kemur því aðal- krafa hans ekki til álita nema með þeim hætti, sem um ræðir í 2. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994.

Í málinu er ákærði sóttur til saka fyrir tvö brot, sem bæði varða við ákvæði 45. gr. og 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, svo sem nánar er rakið í héraðsdómi. Þar er jafnframt greint frá sakaferli ákærða, þar á meðal samsvarandi brotum hans gegn umferðarlögum, en þau hafa verið samfelld allt frá árinu 1977. Samkvæmt því og með vísan til 72. gr. og 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Ákærði var dæmdur til skilorðsbundinnar fangelsisvistar með fyrrnefndum dómum 1994 vegna innflutnings fíkniefna árið 1986. Ákæra var gefin út í málinu 22. maí 1986, en dómur þó ekki felldur á það fyrr en 12. apríl 1994. Vegna þess óhæfilega dráttar, sem varð á rekstri málsins, var refsing ákærða, 12 mánaða fangelsi, öll bundin skilorði. Ákærði rauf skilorð þessa dóms með þremur brotum gegn umferðarlögum í júlí 1994, og var felldur dómur á það mál 30. desember sama árs, þar sem skilorðsrefsing samkvæmt fyrri dóminum var tekin upp og ákærði dæmdur í einu lagi fyrir öll umrædd brot í 15 mánaða fangelsi, þar af 12 mánuði skilorðsbundna til þriggja ára.

Skilorðsrefsingin, sem ákæruvaldið krefst nú, að verði tekin upp að nýju, á rætur að rekja til fíkniefnabrota ákærða, sem voru drygð fyrir nærri 12 árum. Þau brot hans og brotin í þessu máli eru mjög ólíkrar tegundar. Samkvæmt því og þar sem dómur nú um óskilorðsbundna refsingu vegna eldri brotanna fengi ekki staðist í ljósi 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, svo og 1. mgr. 6. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, þykir rétt að neyta heimildar 60. gr. almennra hegningarlaga með áorðnum breytingum til að láta eldri skilorðsdóm 30. desember 1994 haldast. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms því staðfest.

Með vísan til 1. mgr. 169. gr. laga nr. 19/1991 verður áfrýjunarkostnaður málsins felldur á ríkissjóð, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. apríl 1997.

Ár 1997, mánudaginn 28. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hjördísi Hákonardóttur héraðs-

dómara, kveðinn upp svohljóðandi dómur í sakamálinu nr. 148/1997: Ákærvaldið gegn Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. mars 1997, er höfðað samkvæmt tveimur ákærum, út gefnum af lögreglustjóranum í Reykjavík á hendur ákærða, Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni, kt. 190456-7819, Bergstaðastræti 48 A, Reykjavík.

1) Hin fyrri ákæra er út gefin 24. febrúar 1997 „fyrir að hafa ekið bifreiðinni R-13592 aðfaranótt laugardagsins 4. janúar 1997, undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti, frá Bergstaðastræti 48 A í Reykjavík að mótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987“.

2) Hin síðari ákæra er út gefin 21. mars 1997 „fyrir að hafa ekið bifreiðinni R-13592 aðfaranótt miðvikudagsins (sic) 2. mars 1997, undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti, frá húsi við Laugaveg í Reykjavík að mótum Bústaðavegar og Litluhlíðar, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987“.

Ákæruliðir þessir voru sameinaðir í eitt mál 21. mars 1997.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði fer fram á mildustu refsingu, er lög leyfa, og óskar eftir að verða dæmdur til áfengismeðferðar.

Farið var með málið samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991, og var það dómtekið, er sækjanda og ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um viðurlög.

Að því er fyrra ákærulið varðar, eru málavextir þeir, að aðfaranótt laugardagsins 4. janúar 1997 kl. 4.00 veitti lögregluþjónn ákærða athygli, þar sem hann ók bifreiðinni R-13592 suður Reykjanesbraut, og var hann að drekka úr bjórdós við aksturinn. Var honum veitt eftirför og stöðvaður við Stekkjarbakka. Lagði áfengisþef af vitum hans, og viðurkenndi hann að hafa verið að drekka bjór og að hafa drukkið, áður en hann hóf aksturinn. Var hann færður á lögreglustöð og tekið blóðsýni þar af vakthafandi lækni. Tjáði ákærði varðstjóra, að hann hefði drukkið fjóra bjóra um kvöldið og nóttina. Niðurstaða rannsóknar sýndi 1,24‰ alkóhóls í blóði. Hinn 7. febrúar 1997 var ákærði yfirheyrður hjá lögreglu, og kannaðist hann þá ekki við að hafa ekið bifreiðinni og ekki við undirritun sína á skýrslu varðstjóra. Hann breytti aftur framburði sínum og játaði greiðlega brot sitt, er hann kom fyrir dóminn 11. mars 1997.

Sannað er með játningu ákærða, framburði vitna og öðrum gögnum málsins, að ákærði var undir áhrifum áfengis við akstur sinn á umræddum tíma, svo sem greint er í ákæru, og er brot hans þar rétt heimfært til refsí-
ákvæða.

Að því er síðari ákærulið varðar, eru málavextir þeir, að aðfaranótt sunnudagsins 2. mars 1997 var ákærði stöðvaður við akstur bifreiðarinnar R-13592 á mótum Bústaðavegar og Litluhlíðar í Reykjavík. Var hann færður í lögreglubifreið og blés þar í áfengismæli, sem sýndi 3. stig. Var ákærði ósamvinnuþýður og hafði í hótunum við lögreglumenn. Ákærði var færður á lögreglustöðina í Reykjavík. Þar neitaði hann að hafa ekið bifreiðinni. Blóðsýni var tekið, og reyndist alkóhólmagn í blóði vera 1,58‰.

Það athugast, að dagsetningar lögregluskýrslna um málið eru nokkuð á reiki, en upplýst þykir, að umræddur atburður varð aðfaranótt sunnudagsins 2. mars 1997. Í ákæru er missagt, að 2. mars 1997 sé miðvikudagur. Hinn 21. mars sl. játaði ákærði brot þetta greiðlega, er hann kom fyrir dóminn, og hafði áður óskað eftir, að málin yrðu sameinuð. Sannað er með játningu ákærða, framburði vitna og öðrum gögnum málsins, að ákærði var undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar R-13592 á umræddum tíma, svo sem greint er í ákæru, og er brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæða.

Ákærði hefur frá árinu 1973 þrettán sinnum fengið dóm vegna brota á hegningarlögum, þar af einn í Danmörku, og eru þetta að langmestu leyti auðgunarbrot. Hann hefur tvisvar hlotið dóm vegna fíkniefnabrota og tvisvar fengið sátt vegna fíkniefnabrota. Hann hefur sjö sinnum hlotið dóm fyrir brot á umferðar- og áfengislögum, og var í öllum tilvikum um ölvunar-akstur að ræða, og auk þess gengist þrisvar undir sátt vegna ölvunaraksturs, þar af eina í Danmörku. Hann hefur þrisvar fengið sátt fyrir að brjóta gegn áfengislögum og einu sinni sátt fyrir að brjóta gegn lögum um tilkynningarskyldu. Í framangreindum tilvikum hefur hann auk sekta samtals verið dæmdur í skilorðsbundið fangelsi í 24 mánuði, í óskilorðsbundið varðhald í samtals 145 daga og óskilorðsbundið fangelsi í samtals 57 mánuði. Í þeim málum, er varða ölvunarakstur, hefur í öllum tilvikum gætt ítrekunaráhrifa. Í sex tilvika er honum refsað fyrir að aka án réttinda. Þrisvar hefur hann verið dæmdur til sviptingar ökuréttar ævilangt, síðast frá 1. febrúar 1991.

Ákærði hlaut síðast dóm 30. desember 1994 vegna þriggja ölvunarakstursbrota, en auk þess var dæmdur upp dómur frá 12. apríl 1994 um fíkniefnabrot, sem framin voru í janúar og febrúar árið 1986, þar sem honum var dæmt tólf mánaða fangelsi skilorðsbundið í eitt ár. Með dóminum frá 30. desember 1994 var honum gert að sæta fangelsi í fimmtán mánuði, og voru tólf mánuðir þar af skilorðsbundnir í þrjú ár. Hefur hann rofið það

skilorð með brotum þeim, sem ákært er fyrir í máli þessu. Ákærði hefur ekki brotið gegn fíkniefnalöggjöf eftir dóminn frá 12. apríl 1994, svo að kunnugt sé, í rúm tvö ár. Þegar litið er til þess, að nú eru liðin ellefu ár frá brotum þeim, er framangreint skilorð varðar, þykir ekki rétt í ljósi 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, að taka það mál upp aftur, og skal dómurinn frá 30. desember 1994 því látinn standa, en refsing dæmd sér í lagi fyrir þau brot, sem hér er ákært fyrir.

Refsing ákærða er ákveðin með vísan til 1. mgr. 77. gr. og til 72. gr. alm. hgl. Með því að ákærði hefur síendurtekið akstur undir áhrifum áfengis og án ökuréttinda, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði. Ítrekað er, að ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 1. febrúar 1991. Mælir dómurinn með því, að ákærði verði látinn sæta áfengismeðferð í afplánun og að slík meðferð verði gerð að skilyrði fyrir reynslulausn, ef til hennar kemur.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað.

Uppsaga dóms þessa hefur dregist vegna veikinda dómarans.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jóhann Sigfús Sigdórsson, skal sæta fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 1. febrúar 1991.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
